



Reykjavíkurborg

mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Reykjavík, 4. desember 2020

R20100432

13730

ak/ep

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð 29. október 2020: Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kostnað við Kjarvalsstofu

Á fundi mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þann 29. október 2020, var svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sbr. 6. lið fundargerðar s.d.:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði óskar upplýsinga um hversu oft svið og skrifstofur sem undir það heyra, hafa nýtt sér aðstöðu til funda í Kjarvalsstofu og af hvaða tilefni. Óskað er eftir sundurliðuðum lista yfir tilefni, hverjir sátu fundina og hver var kostnaður hvers fundar. Þá er jafnframt óskað eftir því að kvittanir fylgi með fyrir hvern viðburð. Ennfremur er óskað eftir upplýsingum um kostnað við aðgangskort að Kjarvalsstofu og hverjir sé handhafar þess.

Svar mannréttindastjóra:

Á fundum borgarráðs þann 1. og 15. október sl. voru lögð fram svör skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, dags. 28. september og 13. október 2020, við fyrirspurnum áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um aðgang Reykjavíkurborgar að vinnustofu Kjarvals, sbr. 44. lið fundargerðar borgarráðs frá 11. júní, 16. lið fundargerðar borgarráðs frá 24. september og 38. lið fundargerðar borgarráðs frá 1. október 2020. Á fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs 15. október sl. var lagt fram svar fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 13. október 2020 með afritum af reikningum. Í þessum svörum er að finna allar þær upplýsingar sem beðið er um s.s. um korthafa, kostnað og kvittanir. Í svari borgarritara dags. 28. september kemur jafnframt fram að samningur við vinnustofu Kjarvals gildir um aðgang starfsfólks á nánar tilgreindum skrifstofum/sviðum Reykjavíkurborgar að fundaaðstöðu og annarri vinnuaðstöðu á vinnustofunni þá daga og á þeim tímum sem vinnustofa Kjarvals er opin. Ekki hefur verið haldin nein skrá hjá einingunum yfir þá viðskiptavini eða gesti sem hafa verið boðaðir á fundi og/eða verið boðnar veitingar á þeim fundum. Hið sama gildir um viðburði vinnustofunnar en ekki eru fyrirliggjandi skráðar upplýsingar um það hvort tengiliðir eininganna eða starfsfólk þeirra hafa nýtt sér forgang á þá viðburði.

Samningurinn við Kjarvalsstofu rann út 1. nóvember s.l. og hefur ekki verið endurnýjaður. Að

Öðru leyti er vísað til þeirra ítarlegu svara og gagna sem þegar hafa verið lögð fram og eru opinber á vef Reykjavíkurborgar.

Með kveðju

Anna Kristinsdóttir
Mannréttindastjóri